

**Ávarp forsetafrúar
Elizu Reid
í Vídalínskirkju
á konudaginn
19. febrúar 2017**

Góðan daginn og hjartanlega til hamingju með daginn.
Þakka ykkur kærlega fyrir að bjóða mér að ávarpa ykkur í dag.

Konudagur markar upphaf góu, hins forna mánaðar í okkar tímatali með sama hætti og bóndadagurinn markar upphaf þorrans. Svo er mér allavega sagt. Ég fúlsta ekki við þorramat en játa nú samt að ég hef aldrei verið sérlega spennt fyrir súru slátri, sviðasultu og þessháttar. Og sem betur fer fyrir mig fylgja engar áþekkar matarhefðir góunni, eingöngu sú hefð að konur fái blóm og jafnvel konfekt frá ástvinum sínum.

En mér finnst að við konur ættum að taka þennan dag til okkar, gera hann að okkar degi. Við höfum nítjándan júní þegar þess er minnst að fyrir hundrað og tveimur árum fengu íslenskar konur takmarkaðan kosningarétt til Alþingis. Við ættum að nota konudaginn finnst mér til þess að hylla konurnar í lífi okkar, árangur jafnréttisbaráttunnar og vekja athygli á þeim verkefnum sem enn eru óleyst á því sviði.

Ég er stolt af því að eiga heima í landi sem Alþjóðaviðskiptaráðið, World Economic Forum, hefur undanfarin sjö ár talið besta stað í veröldinni fyrir konur. Hlutfall kvenna á Alþingi, hið fjórða hæsta í heiminum, fyrsti þjóðkjörni kvenforsetinn, reglubundnar atlögur að því að brúa launabil karla og kvenna – ég hreyki mér af öllu þessu þegar ég heimsæki gamla vini í Kanada.

Ég er stoltur femínisti og reyni að miðla því til sona minna þriggja og dóttur. En fyrir mér er konudagurinn ekki bara dagur til að fagna þeim árangri sem við konur höfum náð – og minna okkur á þá löngu leið sem enn er framundan til jafnréttis. Hann er líka dagur til að hylla allar konur í lífi okkar. Við eigum okkur öll sterkar kvenfyrirmyndir, konur sem með einbeittum vilja og staðfestu hafa verið lýsandi fordæmi um þau gildi sem ættum að skipa í öndvegi, um þá þrjósku sem við öll þurfum.

Þetta eru konur eins og móðuramma mín, Betty Brown, sem nú er 99 ára gömul og enn mjög hress. Hún var hjúkrunarkona í seinni heimsstyrjöldinni og staðsett rétt við víglínuna á Ítalíu í framsókn

Bandamanna – en Kanadamenn voru þeir einu sem sendu konur til þjónustu við hlið karla í styrjöldinni. Einu sinni svaf hún við hliðina á tifandi sprengju. Fram undir hið síðasta sinni amma því af miklum þrótti að heimsækja skóla og menningarsetur og tala um reynslu sína í stríðinu. Hún hefur líka heimsótt mig tvisvar til Íslands, fyrst til að halda upp á 93 ára afmælið sitt, og aftur í október síðastliðnum þegar hún tók forskot á 99 ára afmælisgjöfina sína og knúsaði barnabarnabörnin sín.

Amma lætur sér fátt fyrir brjósti brenna. Hún hefur tekist á við hvaðeina sem lífið hefur boðið henni og snúið því á besta veg án þess að kvarta.

Önnur kona sem hefur tekist á við ærna ábyrgð og blómstrað er tengdamóðir mín Margrét Thorlacius. Hún varð ekkja 43 ára gömul og ól ein síns liðs syni sína þrjá upp til að verða sjálfstæðir, öruggir og ánægðir einstaklingar og umhyggjusamir feður. Hún ber líka ábyrgð á því að kenna mér íslensku af mikilli þrautseigju, talaði bara við mig móðurmálið frá því að ég steig fæti á íslenska grundu og færði smám saman út kvíar orðaforðans í samræmi við aukna getu mína. Ensku heyrði ég hana lengst tala þegar hún samþykkti að koma fram í myndbandi fyrir mig, þegar ég vann að landkynningarmálum, um það hvernig ætti að búa til plökkfisk, og vegna góðs árangurs af því myndbandi, í framhaldspætti um að baka pönnukökur. Margrét á alltaf heitt á könnunni og tiltæka frábæra súkkulaðiköku ef óvænta gesti skyldi bera að garði.

Og ég stend auðvitað í mikilli þakkarskuld við móður mína, Allison Reid. Enda þótt hún sé að verða sjötug er hún enn önnur kafinn hvern dag við að sinna dýrunum, kindum, hænum, köttum, hundum og öndum, gegnum kalda kanadíska vetur á sveitabæ foreldra minna, sem nú er um 175 ára gamall. Og þegar hún hefur lokið þeim verkum öllum keyrir hún 40 kílómetra inn í borgina til að leggja ömmu minni lið, sækja henni mat og sinna henni eins og þarf. Þegar ég var að alast upp mundi hún móðir mín hafa sagt – með orðfæri sinnar tíðar – að hún væri heimavinnandi. Þrátt fyrir það rak hún litla veislupjónustu, gætti allmargra barna úr nágrenninu, sat í safnaðarstjórn kirkjunnar og vann sjálboðaliðastörf í skólanum. Þar held ég að hún hafi haft mestar mætur á skólaferðunum, ekki síst skíðaferðum.

Móðir mín kann að hafa sinnt hefðbundnu hlutverki heimavinnandi eiginkonu og móður en hún ól mig sannarlega ekki upp til að feta í þau fótspor – þó hún hafi alls ekki haldið að þau spor væru slæm! Ég ólst upp í þeirri trú að ég gæti gert hvað sem er, farið hvert sem er, orðið hvað sem ég

vildi. Ég verð þó að játa að ég hafði ekki hugmyndaflug til að ímynda mér að ég yrði forsetafrú Íslands.

Ég hafði aldrei á tilfinningunni að það væri skylda mín að giftast og stofna fjölskyldu – í þeim efnum voru föður- og móðursystir mín ágætar fyrirmyndir, þær giftust aldrei og áttu ekki börn. Ég sá sannarlega í hjúskap foreldra minna að varanlegt samband og börn geta verið óendanlega dýrmæt – en ég leit ekki svo á að það væri forsenda hamingjunnar.

Mér finnst ég vera lánsöm í því efni að breytni þessara kvenna – frekar en orð þeirra – mótaði sterka sjálfsmynd mína. Enda þótt móðir mín færi aldrei út úr húsi án þess að setja á sig varalít sá ég hana aldrei mæna langtímum saman í spegilinn, heyrði hana aldrei fárast yfir útliti sínu eða tala niðrandi um útlit annarra. Það hafði þau áhrif að ég ólst upp með þeirri vissu að það hvernig aðrir sjá mig veltur miklu meira á því hvernig ég upplifi sjálfa mig en því hverju ég klæðist eða hárgreiðslunni.

Okkur ber skylda til að vera þær allra bestu fyrirmyndir sem við getum – fyrirmyndir dætra okkar, sona, eiginmanna, eiginkvenna. Samfélagsins. Raddir okkar skipta máli. Hvernig við tölum um okkur sjálf skiptir máli. Okkur ber öllum skylda til að reyna að miðla jákvæðum boðskap til hverrar manneskju, jákvæðri afstöðu.

Gamla sveitaeldhúsið þar sem hún móðir mín eyddi flestum stundum er skreytt gömlum fjölskyldumyndum, úrklippum úr dagblöðum, myndum og smáhlutum frá hennar ástríku börnum, og þar er líka tafla þakin með hvetjandi orðtökum og tilvitnunum. Eftirlætið mitt, skreytt með blýantsteikningum mömmu af glaðlegum páskaliljum, er þetta:

“Eftir hundrað ár mun engu skipta hvernig húsi ég bjó í, hvað ég átti á bankareikningnum eða hvernig bíl ég ók en heimurinn kann að vera annar vegna þess að ég hafði áhrif á líf barns.”

Á þessum degi sem helgaður er konum skulum við muna eftir kvenfyrirmyndum okkar um leið og við festum okkur í minni hvernig við getum best orðið jákvæð fordæmi fyrir aðra og fögnum árangri okkar og metum það framlag sem við getum öll lagt til samfélags okkar og veraldarinnar.